

20. stjórnarfundur Arnardrangs hses

2.12.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:50.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergriðanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Umsögn Bergriðans bs.

Bergriðinn bs. tók fyrir minnisblað frá Arnardrangi um eignarhald á fasteignum sem nýtt er fyrir úrræði Bergriðans á starfssvæðinu. Bergriðinn bókaði eftirfarandi um málið:

Stjórn Bergriðans bs. barst minnisblað frá Arnardrangi íbúðafélagi hses. um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra á starfssvæði Bergriðans. Í minnisblaðinu eru lagðir fram fjórir möguleikar, þ.e. að eignarhald sé hjá Bergriðanum bs., að eignarhald sé hjá Arnardrangi íbúðafélagi hses., að eignarhald sé hjá Brák íbúðafélagi hses. eða að eignarhald sé hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stjórn Bergriðans tekur undir þann rökstuðning í minnisblaðinu um að eignarhaldið skuli ekki vera hjá Bergriðanum til að gæta að aðskilnaði á þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 og styður jafnframt þá niðurstöðu að eignarhaldið skuli vera hjá Brák íbúðafélagi eða sveitarfélögunum. Stjórn Bergriðans gerir því ekki athugasemdir við minnisblaðið.

2. Vegna eignarhalds á fasteignum

Upplýst var um að stjórn Bergriðans hefur ákveðið að ganga til viðræðna við Brák íbúðafélag hses. um byggingu á nýju búsetuúrræði á Hvolsvelli í samræmi við kynningarfundinn og er því ljóst að ekki verður nýtt uppbyggingarverkefni hjá Arnardrangi á næstu misserum miðað við stöðuna í dag.

Farið var yfir næstu skref varðandi framtíð Arnardrangs, rætt um samtal skrifstofustjóra og Steinunnar Erlu lögmanns og áætlaður kostnaður við mismunandi sviðsmyndir kynntur (sjá fylgiskjal). Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er eftirfarandi:

- Sviðsmynd 1: Nauthagi er seldur og félaginu slitið - 0 kr.
- Sviðsmynd 2: Nauthagi er seldur en félaginu er haldið lifandi - 500.000 kr.
- Sviðsmynd 3: Nauthagi er ekki seldur, engin stjórnarlaun - 3.700.000 kr.
- Sviðsmynd 4: Nauthagi er ekki seldur, stjórnarlaun greidd - 4.900.000 kr.

Ása Valdís vék af fundi kl. 15:20.

Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um næstu verkefni eftir Hvolsvöll telur stjórn Arnardrangs ekki rétt að leggja niður Arnardrang að sinni heldur halda félaginu á meðan uppbygging á sér stað á Hvolsvelli. Þar sem áætlað er að umtalsverður kostnaðarauki sem og aukin stjórnsýsla fylgir því að eiga áfram Nauthaga 2 í Arnardrangi samþykkir stjórn að fela starfsfólki Bergrisans að vinna málið áfram í samræmi við umræður og kostnaðargreiningu og leggja fyrir stjórnarfund.

Í ljósi ofangreinds þá ákveður stjórn jafnframt að fresta aukaársfundi sem áætlað var að halda 10. desember.

3. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 27. janúar 2025.

Fundi slitið klukkan 15:40

Kostnaðaráætlun Arnardrangs 2025 - umfram það sem er dekkað af leigutekjum

	Sviðsm. 1	Sviðsm. 2	Sviðsm. 3	Sviðsm. 4
Starfsmaður	0	300.000	1.800.000	1.800.000
Þóknun stjórnar	0	0	0	1.200.000
Viðhald	0	0	500.000	500.000
Bókhald og reikningsskil	0	100.000	900.000	900.000
Ýmislegt	0	100.000	500.000	500.000
Samtals	0	500.000	3.700.000	4.900.000

Sviðsmynd 1: Nauthagi er seldur og félaginu slitið

Sviðsmynd 2: Nauthagi er seldur en félaginu er haldið lifandi

Sviðsmynd 3: Nauthagi er ekki seldur, engin stjórnarlaun

Sviðsmynd 4: Nauthagi er ekki seldur, stjórnarlaun greidd

Með leigutekjum er eftirfarandi kostnaður greiddur:

Hiti

Rafmagn

Tryggingar

Fasteignagjöld

Öryggisgæsla og vöktun

Snjómokstur

Garðumhirða

Sorphirða

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Bragi Bjarnason